



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri

22.-26. júlí 2020

Stigamót í fjallabruni 2020 - Keppnishandbók

Uppfært 25. júlí 2020 - Sunna Axels. og Árni F. Sigurðsson

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Stigamót í fjallabruni

Kæri þátttakandi

Hjólreiðafélag Akureyrar hlakkar til að taka á móti þér í Hlíðarfjalli 26. júlí 2020. Í þessu bréfi verður farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem varðar keppnina. **Vinsamlega lesið þetta bréf því vel yfir.**

Efnisyfirlit:

1. Grunnupplýsingar	bls. 2
2. Flokkar, rástímar og keppnislengdir	bls. 3
3. Keppnisgögn	bls. 3
4. Dagskrá	bls. 4
5. Keppnisreglur	bls. 4
6. Brautin - ítarupplýsingar	bls. 5
7. Öryggismál - sérstakar athugasemdir	bls. 5

1 - Grunnupplýsingar.

Keppnisgrein:	Stigamót í Fjallabruni/Downhill og jafnframt almenningsmót.
Dagsetning:	26.07.2020.
Keppnishaldari:	Hjólreiðafélag Akureyrar.
Keppnisstjóri:	Árni F. Sigurðsson, 8654195 - gjaldkeri@hfa.is
Aðrir tengiliðir:	Ágúst Örn Pálsson, formaður HFA, 8674348 - formadur@hfa.is
Mæting:	Strýtuskáli í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar.
Verðlaunaafhending:	Við lyftuskúr Fjarkans, Hlíðarfjalli.
Keppnisgjald:	Kr. 4000 fyrir 19 ára og eldri, kr. 2000 fyrir 18 ára og yngri - greitt við skráningu.

Skilmálar fyrir viðburði á vegum HFA eru aðgengilegir á vef félagsins HFA.is
<https://www.hfa.is/uploads/3/1/4/0/31401207/hfa-skilmalar2020.pdf>

MIKILVÆGT: Ekki er hægt að ljúka skráningu í mótið nema skilmálar séu samþykktir.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Stigamót í fjallabruni

2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir

Ráshópur	Flokkar verða ræstir í eftirfarandi röð	Rástími
1.	U13 Konur U13 Karlar U15 Konur U15 Karlar U17 Konur U17 Karlar Junior Konur Junior Karlar Almenningur Konur Almenningur Karlar Masters Konur 35+ Masters Karlar 35+ Elite + U23 Konur Elite + U23 Karlar	13:00

Röð keppenda í fyrri umferð er ákveðin af mótisstjórn. Í seinni umferð fer sá sem á hraðasta tíma úr fyrri umferð síðastur.

Hver keppandi fær tvær ferðir niður keppnisbraut og gildir betri tíminn. Keppanda er frjálst að nýta bara aðra ferðina.

Ræsir verður í talstöðvarsambandi við brautarverði og verður næsti keppandi ræstur þegar talið er öruggt að ekki verði árekstrar í braut.

3 - Keppnisgögn

Keppnisgögn verða afhent við Strýtuskála í Hlíðarfjalli, sunnudaginn 26. júlí milli klukkan 10:00 og 12:00. HFA ábyrgist ekki að keppendur fái keppnisgögn afhent nema þau séu sótt á fyrrgreindum tíma.

Keppnisgögn:

- Tímatökuflaga
- Eitt keppnisnúmer framan á stýri
- 5 plastbensli, 2 fyrir tímatökufloðu og 3 fyrir keppnisnúmer

Tímatökuflaga skal festast á framgaffal með þar til gerðum plastböndum.

Plastað keppnisnúmer skal festast framan á stýri, það skal festa framan við alla kapla og festast bæði að ofan og neðan, til að það flettist ekki upp.

Lyftuverðir Fjarkans hafa lista yfir keppendur, sem geta nýtt sér lyftuna til að komast upp að rásmarki. Keppendur geta ferjað hjól upp með lyftu, en einnig verður notuð kerra til að flýta fyrir.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Stigamót í fjallabruni

4 - Dagskrá sunnudaginn 26. júlí 2020

10:00	Stólalyftan "Fjarkinn" opnar í Hlíðarfjalli.
11:00-12:00	Afhending keppnisgagna í Strýtuskála.
12:30	Síðasta leyfilega ferð í keppnisbraut fyrir mót.
12:35	Fyrsta kerruferð með hjól upp að rásmarki.
12:45	Fundur með keppnisstjóra og dómurum við rásmark.
13:00	Fyrsti hópur ræstur af stað í þeirri röð sem sjá má í kafla 2 í keppnishandbók.

5 - Keppnisreglur

Bent er á kafla 4.4 í keppnisreglum HRÍ.

<http://hri.is/assets/uploads/ckfinder/files/Keppnisreglur%20HR%C3%8D%202020%206juli.pdf>

Keppendur undir 18 ára: Keppendur þurfa að vera orðnir 18 ára. Keppendur 17 ára og yngri mega keppa með skriflegu leyfi foreldra/forráðamanna með því skilyrði að hið minnsta annað foreldri sé á staðnum meðan keppni fer fram. Foreldri skal gefa sig fram við afhendingu gagna.

Sjái foreldri sér ekki fært um að koma getur hann útnefnt ábyrgðaraðila sem fylgir barni í keppni og gefur sig fram við afhendingu gagna. Ábyrgðaraðili verður að hafa ná 18 ára aldri og getur ekki verið skráður keppandi.

Aðrir almennir skilmálar:

Skilmálar fyrir viðburði á vegum HFA eru aðgengilegir á vef félagsins HFA.is

<https://www.hfa.is/uploads/3/1/4/0/31401207/hfa-skilmalar2020.pdf>

Keppendur verða að kynna sér þá skilmála og samþykkja við skráningu.

Keppendur án flögu eða með flögu rangt festa fá ekki tíma.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2020


Stigamót í fjallabruni

6 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar.

Keppnisbraut

Keppt verður í breyttri útgáfu af eldri keppnisbraut í Hlíðarfjalli. Hægt er að skoða track af gömlu brautinni á Trailforks.com - <https://www.trailforks.com/trails/hli-arfjall-downhill-2018/>

Track af uppfærðri braut verður sett inn á vefsíðu HFA um leið og það er klárt: <https://www.hfa.is/dh2020.html>



Í brautinni eru stökkpallar, brýr, drop, road-gap, gap-jumps og fleiri hindranir sem geta verið hættulegar. Flestar hindranir eru þannig að hjáleið er í boði eða hægt er að rúlla þær.

Keppendur þurfa að meta sína eigin getu til að takast á við þessar hindranir og taka meðvitaða ákvörðun um að taka hjáleið ef hindranir eru yfir getu þeirra.

Ræst verður sunnan við efra lyftuhús Fjarkans.

Brautarskoðun

Formleg brautarskoðun var ekki möguleg í þetta sinn, en hægt er að prófa brautina frá opnun Hlíðarfjalls kl. 10:00 á sunnudagsmorgun til kl. 12:30 er brautin lokar fyrir mót.

Mælt er með því að keppendur séu aldrei einir á ferð í brautarskoðun ef óhapp skyldi eiga sér stað.

Mjög mikilvægt er að keppendur hafi kynnt sér brautina vel fyrir keppni. Gott getur verið að ganga upp brautina áður en hún er hjólið í fyrsta skipti til að gera sér grein fyrir hindrunum í brautinni.

Á mótisdag verða settir borðar og stikur til að tryggja að enginn villist. Á æfingum skal passa að umferð gangandi, hjólandi og bifreiða getur verið á vegum og í öðrum brautum.

7 - Öryggismál

Ef slys ber að höndum skal hringja í 112, svo láta keppnistjóra vita í síma **8654195**.

Ef um önnur atvik er að ræða eða keppendur vantar aðstoð skal hringja beint í keppnisstjóra.